

Fundur svæðisráðs föstudaginn 26. júní 2015, haldinn að Miðási Ásahreppi, kl.13.30.

Mætt: Ásta Berghildur Ólafsdóttir, Erla Ívarsdóttir, Heiða Guðný Ásgeirsdóttir, Ólafía Jakobsdóttir, Snorri Baldursson Þjóðgarðsvörður, Þórður H. Ólafsson framkvæmdastjóri, Ármann Höskuldsson stjórnarformaður Vatnajökulsþjóðgarðs. Forföll: Ástvaldur Guðmundsson og Ásvaldur Ævar Þormóðsson

1. Málefni vestursvæðis:

Ármann Höskuldsson fór yfir áherslur sínar varðandi starfsemi Þjóðgarðsins á svæðinu. Hann leitaði eftir skoðunum viðstaddra fulltrúa svæðisráðsins um hvernig til hefði tekist frá stofnun Þjóðgarðsins og einnig reynslu þeirra af setu í svæðisráðinu og samskiptum við starfsfólk Þjóðgarðsins.

Erla og Ólafía, sem hafa setið í svæðisráðinu frá stofnun þess, lýstu yfir mikilli ánægju með starfsemi Þjóðgarðsins. Þær sögðu tilkomu hans hafa haft mjög jákvæð áhrif í Skaftárhreppi, sérstaklega við uppbyggingu á ferðamannastöðum, verndun viðkvæmra svæða, fræðslu og upplýsingamiðlun til ferðamanna.

Heiða Guðný og Ásta Berghildur sem setið hafa í svæðisráðinu frá síðustu sveitarstjórnarkosningum lýstu einnig yfir ánægju með starfsemi Þjóðgarðsins.

Þórður fór yfir aðkomu sína, sem framkvæmdastjóri, að störfum svæðisráða Þjóðgarðsins sem einkum felast í að leggja fram tillögur að rekstraráætlunum í samráði við Þjóðgarðsverði þegar fjárlög hvers árs liggja fyrir.

Snorri sagði samstarf við svæðisráð vestursvæðis vera mjög gott. En sem Þjóðgarðsvörður vilji hann hafa meiri bein samskipti við yfirstjórn Þjóðgarðsins og ráðuneyti umhverfismála.

Fulltrúar svæðisráðsins lögðu áherslu á að efla enn frekar samstarf og samskipti, milli yfirstjórnar, starfsmanna og svæðisráða. Lagt er til að haldinn verði sameiginlegur fundur þessara aðila í jan - feb 2016.

Rætt var um byggingu gestastofu á vestursvæði Þjóðgarðsins.

Svæðisráðið hefur að undanfögnu þrýst á að umhverfis- og auðlindaráðuneytið hefji aftur formlega undirbúning að byggingu gestastofu/þekkingarseturs á Kirkjubæjarklaustri.

Fram kom að Heiða Guðný, Ólafía, Snorri, Þórður, Eva Björk Harðardóttir oddviti og Sandra Brá Jóhannsdóttir sveitarstjóri Skaftárhrepps áttu fund um málið með Sigrúnu Magnúsdóttur ráðherra þann 16. Júní sl. Aðrir sem sátu fundinn voru: Ingveldur Sæmundsdóttir aðstoðarmaður ráðherra, Jón Geir Pétursson skrifstofustjóri á Skrifstofu landgæða og Ármann Höskuldsson formaður stjórnar sem sat hluta fundarins. Niðurstaða fundarins var að ráðherra lýsti yfir eindregnum vilja til að halda verkinu áfram. Fundur svæðisráðsins fagnar heilshugar jákvæðum undirtektum ráðherra.

Eftir góðar umræður um ýmis málefni sem snerta almennt starfsemi Þjóðgarðsins og einnig sérstaklega vestursvæðið fóru Þórður og Ármann af fundinum.

2. Staðan á hálendinu:

Mikil snjóalög eru til fjalla og eru flestir hálendisvegir enn lokaðir fyrir almennri umferð. Verið er að opna upp í Eldgjá en ekki er ljóst hvenær aðrar hálendisstöðvar Þjóðgarðsins á vestursvæðinu opnast.

3. Önnur verkefni á vestursvæðinu:

Á næstu vikum verður opnuð ný sýning í Skaftárstofu á Kirkjubæjarklaustri með stuðningi Vina Vatnajökuls.

Opnaður verður upplifunarstígur „krakkastígur“ við Skaftárstofu.

Lokið verður við aðstöðu við Langasjó á Skaftártunguafretti.

Endurbætt verður aðstaða í skálunum í Blágiljum og Hrossatungum á Siðumannaafretti, þar sem Þjóðgarðurinn annast rekstur skv. samningi við sveitarfélagið.

Rætt var um uppbyggingu á afrétti Ásahrepps / Holtamannaarétti.

Fram kom að starfsmenn vestursvæðis Vatnajökulsþjóðgarðs funduðu með sveitarstjórn og umhverfisnefnd Ásahrepps þann 12. maí sl. þar sem starfsemi Þjóðgarðsins var kynnt og rædd framtíðaráform hans. Ásta Berghildur lýsti yfir ánægju með fundinn og að nú væri komið að frekari uppbyggingu á afrétti Ásahrepps. Hún benti á mikla vetrarumferð á svæðinu og ýmsar framkvæmdir sem kalla á heilsárs landvörslu ef vel á að vera. Svæðisráðið leggur til að stjórn Þjóðgarðsins, Þjóðgarðsvörður og sveitarstjórn Ásahrepps leiti leiða til fjármagna heilsársstöðu landvarðar í Hrauneyjum eða á nærliggjandi svæði. Leita þarf samstarfs við Ásahrepp um húsnæði fyrir landvörslustöð og landvörð.

Stefnt er að skoðunarferð í Vonarskarð 10. - 11. ágúst nk

4. Önnur mál:

a) Rætt var um rekstur einkaaðila í Þjóðgarðinum og hvort að aðstöðugjöld gætu verið til tekjuöflunar fyrir reksturinn.

b) Atvinnustefna Þjóðgarðsins hefur ekki verið staðfest en tillaga að breytingu á lögum Vatnajökulsþjóðgarðs verður lögð fram á Alþingi í haust.

Fundi slitið 16:00

Fundargerð ritaði Ólafía Jakobsdóttir

